

Alþingi
Erindi nr. P 143/902
komudagur 27.1.2014

Alþingi,
nefndasvið,
v/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 27. janúar 2014
2013110022

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167. mál. á 143. löggjafarþingi

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda þakka fyrir það tækifæri sem þeim var gefið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina, sbr. fund 24. janúar sl. Meðfylgjandi eru fyrri umsagnir sem sendar voru þegar frumvarp til náttúruverndarlaga var til meðferðar.

Við viljum undirstrika þau sjónarmið að bændur sem stærstu nýtingaraðilar á landi hérlendis telja löggjöf um náttúruvernd afar mikilvæga bæði fyrir þeirra starf og landsmenn alla. Það er hinsvegar eðlileg krafa að bændur eigi meiri aðkomu að slíkri reglusetningu en margir aðrir, enda eru þeir í daglegri snertingu við náttúruna og byggja afkomu sína á nýtingu hennar. Þess skal getið að við meðferð málsins var tekið tillit til margra af athugasemdum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda og það sem slíkt er virðingarvert.

Markmiðum löggjafar um náttúruvernd verður hins vegar betur náð með því að bændur taki fullan þátt í endurskoðun jafn viðamikillar löggjafar, en til þess að svo megi verða þurfa samtök bænda að koma beint að vinnu við undirbúning hennar eins og var gert við endurskoðunina 1999. Þetta var ekki gert við undirbúning þeirra laga sem ætlað er að taki gildi í apríl 2014 og því ríkir ekki traust á þeim innan greinarinnar. Það er mjög miður, en með því að taka málið upp aftur gefst kostur á að leiðrétta það.

Náttúruverndarlög hafa áhrif á dagleg störf bænda og þar þarf að skilgreina vel til hvers er ætlast og einnig skilgreina ítarlega réttindi landeigenda annarsvegar og almennarétt til umferðar og/eða skipulagðra ferða hinsvegar. Þá er rétt að ítreka enn að lög um landgræðslu og skógrækt hafa verið til skoðunar hjá stjórnvöldum og þar skiptir einnig máli að gætt sé samræmis til að skapa ekki óvissu. Því til viðbótar er að störfum starfshópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem er að fara yfir landnotkun og sjálfbæra landnýtingu í dreifbýli þ.m.t. hugmyndir um landsskipulag. Þar koma til viðbótar snertifletir við náttúruverndarlögin sem þarf að líta til.

Við teljum því rétt að skoða heildarmynd málsins og styðjum eins og fram hefur komið frumvarp um að náttúruverndarlögin verði tekin til skoðunar að nýju.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson sign.

f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda,

Sigurður Eypórsson sign.

Alþingi
Kristjana Benediksdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2013
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um náttúruvernd, þskj. 537 - 429. mál á 141. löggjafarþingi
Tilv. 2013010014

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði alþingis, dags. 17. janúar 2013.

Þegar lög nr. 44/1999 um náttúruvernd voru samin áttu Bændasamtök Íslands fulltrúa í nefnd sem hafði það verkefni með höndum enda voru til umfjöllunar fjölmörg atriði sem snertu bændur og landeigendur með margvíslegum hætti. Hvorki Bændasamtökum Íslands né Landssamtökum sauðfjárbænda var gefið færi á að eiga fulltrúa í nefndinni sem hafði lög til endurskoðunar veturinn 2010-2011. Eftir að hafa lagt fram ítrekaðar beiðnir um að eiga beina aðkomu að nefndinni var þeim endanlega hafnað, án rökstuðnings. Fjölmörg atriði í frumvarpinu hafa stóra snertifleti við hagsmuni félagsmanna Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda. Það er ekki til þess fallið að skapa sátt um mál af þessu tagi, að einhverjum stærstu hagsmunaðilum um náttúruvernd á Íslandi, sé úthýst við heildarendurskoðun með þessum hætti.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda gerðu athugasemdir við þá fyrirliggjandi frumvarpsdrög með bréfi til umhverfissráðuneytisins, dags. 18. janúar 2011. Tekið hefur verið tillit til þessara athugasemda að mjög takmörkuðu leyti. Enn er ástæða til þess að gera athugasemdir við frumvarpið sem sumar hafa verið gerðar ítrekað allt frá upphafi málsins árið 2010.

I. 1. gr.

Í c.-lið 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir m.a. að löggin eigi að stuðla að almennri útivist í sátt við náttúruna. Eðlilegt væri að þessi almenna útivist yrði einnig í sátt við umráðamenn landsins. Ákvæði laganna um almannarétt ganga að vissu leyti á réttindi landeigenda og þess vegna eðlilegt að útivist sé ekki einungis stunduð í sátt við náttúruna heldur einnig bændur. Bændur eru vörslumenn landsins og stunda þar atvinnurekstur.

II. 5. gr.

Í 8. tl. 5. gr. er fjallað um hugtakið framandi lífverur. Bændasamtökin vilja spyrja hvort rétt að skilgreina framandi lífverur sem allt sem breyst hefur eftir 1750. Er þá átt við hvort lífvera sem hefur verið til dæmis þekkt hér í öld eða lengur, eigi engan möguleika að verða hluti af náttúru landsins? Sumar lífverur eru og verða meindýr, en þær eru á endanum varla framandi ef okkur tekst ekki að útrýma þeim á t.d. 100 árum.

Í 18. tölul. 5. gr. frumvarpsins er hugtakið „ræktað land“ skilgreint. Þessi nýja skilgreining á hugtakinu á með einhverjum hætti að taka mið af IV. kafla frumvarpsins um almannarétt samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Það sé gert vegna þess að í hinni svokölluðu hvítbók hafi verið vakin athygli á því að núgildandi skilgreining náttúruverndarlaga taki ekki á því hvenær ræktað land hætti að vera ræktað land og úr því þurfi að bæta. Þá kemur fram í greinargerðinni að með þeirri skilgreiningu sem lögð er til í frumvarpinu falli undir hugtakið ræktað land öll jarðrækt, þ.e. áborin og/eða slegin tún, akrar og land sem nýtt er til framleiðslu á öðrum plöntuafurðum, svo sem grænmeti, sem og land í skógrækt. Rök þeirra sem sömdu hvítbókina fyrir því að ræktað land teljist ekki lengur ræktað land eftir 15 ár eru þau að gróður á slíku landi á að hafa tekið miklum breytingum og færst til náttúrulegs horfs og þess vegna sé ekki ástæða til þess að hindra för fólks um það. 18. tölul. 5. gr. frumvarpsins er meingallaður. Ræktað land getur verið mjög breytilegt eftir til dæmis jarðvegi, framræslu o.fl. Fimmtán ár ganga ekki sem almenn viðmiðun. Hvað tún varðar fylgir umsögninni bréf Óttars Geirssonar, þáv. jarðræktarráðunauts Bændasamtaka Íslands, dags. júní 2002, til upplýsingar fyrir nefndina. Bændasamtök Íslands eru sammála því álitum sem þar kemur fram. Þá skal á það bent að hugtakið plöntuafurðir er framandi í þessum efnum. Algennt er í þessu sambandi að nota hugtakið nytjajurtir.

III. 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að náttúruverndarnefndir sveitarfélaga fái víðtækara hlutverk en í núgildandi lögum og m.a. er þeim ætlað að fylgjast með ástandi gróðurs og skóga. Með því er gengið inn á hlutverk gróðurverndarnefnda, sbr. lög nr. 17/1965, um landgræðslu. Nýtt frumvarp til laga um landgræðslu hefur ekki verið lagt fram, þó það hafi lengi verið í vinnslu, og þessi tilhögun er því til þess fallin að vekja óvissu um vald og ábyrgð framangreindra nefnda. Eðlilegra væri að samræma ákvæði laganna eða bíða endurskoðunar landgræðslulaga. Vissulega er það þannig að gróðurverndarnefndir starfa ekki í öllum sveitarfélögum eins og þær ættu að gera, en þess þá heldur ætti að skýra reglurnar en ekki auka óvissuna. Þetta misræmi sem hér hefur átt sér stað er til marks um að ekki heppilegt að þessir tveir skyldu lagabálkar, né aðrir, sæti endurskoðun bæði á mismunandi tíma og með mismunandi áherslum.

IV. 18. gr.

Bent skal á að Bændasamtökin leggja ríka áherslu á að almenningur sem stundar útivist á landi í einkaeigu virði skyldur sem slíkri nýtingu fylgja og einnig rétt landeigenda til ráðstöfunar og nýtingar á landinu.

V. 19.-20. gr.

Undirritaðir leggja til að bætt verði við ákvæði um bann gegn umferð gangandi, hjólandi og ríðandi manna með lausa hunda um lönd sem bændur nýta. Í norsku náttúruverndarlögunum hefur verið tekið á þessu vandamáli. Við endurskoðun íslensku laganna árið 1999 lögðu Bændasamtök Íslands ríka áherslu á að koma á banni af þessu tagi það náði ekki fram að ganga. Lausir hundar eru vaxandi vandamál bæði í heimalöndum og á afréttum og er orðið mjög tímabært að setja ákvæði um för hunda í löndum bænda.

VI. 24. gr.

Í 24. gr. er fjallað um skipulegar hópferðir. Þar segir að þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða réttihafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Ákvæðið er samhljóð 22. gr. gildandi laga en undirritaðir telja ástæðu til þess að minnst á það hér að hópferðir af þessu tagi, s.s. skipulagðar hestaferðir eða gönguferðir, valda miklu álagi, og þar af leiðandi tjóni, á land í einkaeigu víðs vegar um landið. Skipuleggjendur hópferðanna hafa tekjur af því að fara með ferðamenn um land í eigu annarra sem fá ekkert í staðinn en verða oft á tíðum fyrir kostnaði vegna viðhalds eða lagfæringa á vegum, slóðum og öðru slíku. Þetta álag kemur að öllum líkindum til með að aukast á komandi árum og þess vegna nauðsynlegt, að mati undirritaðra, að skilgreina með ítarlegri hætti hvernig skuli farið með samskipti þeirra sem skipuleggja hópferðir af þessu tagi, í atvinnuskyni, og eigenda lands.

VII. 31. gr.

Í 31. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða í reglugerð á um undanþágur frá banni við utanvegaakstri. Meðal annars er lagt til að ráðherra verði heimilt að veita undanþágur vegna starfa manna við landbúnað. Bændasamtökin líta svo á og gera ráð fyrir að undir hugtakið landbúnaður falli hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt, ylrækt og auk þess, ef fram fer á lögbýlum, eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og önnur þjónusta. Undirritaðir aðilar vilja samt sem áður leggja áherslu á að tryggt verði í lögum að bændum og landeigendum verði heimilt að nota vélknúin ökutæki vegna nýtingar jarða sinna, við smalamennsku, girðingarvinnu, nýtingu hlunninda og aðra starfsemi sem fylgir eðlilegri landnýtingu. Það er óásættanlegt að ákvörðun um undanþágur af þessu tagi verði háð geðþótta ráðherra og Umhverfisstofnunar hverju sinni. Þá skal á það minnst að bændur vinna mikið starf við uppgræðslu á afréttum og í þjóðlendum, m.a. í samvinnu við Landgræðsluna. Því starfi fylgir óhjákvæmilega akstur utan vega sem undirritaðir aðilar telja eðlilegt að fái sambærilega undanþágu tryggða í lögum.

Það er algjört grundvallaratriði í búskap að bændur og landeigendur geti nýtt t.d. dráttarvélar, þ.m.t. fjórhjól og önnur vélknúin ökutæki við landbúnaðarstörf enda auðveld þessi tæki störf bænda mikið og oft á tíðum getur notkun þeirra reynst óhjákvæmileg. Verði notkun þeirra bönnuð kann það í sumum tilfellum að verða til þess að nýting landsins verði miklum erfiðleikum bundin.

Því er lagt til að kveðið verði á um undanþáguheimild vegna starfa manna við landbúnað í lögum um náttúruvernd. Enn fremur er eðlilegt að auk þess verði kveðið á um undanþágu vegna landgræðslustarfa. Það kann að vera eðlilegt er að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágunum í reglugerð en það er ítrekað að undirritaðir aðilar leggja ríka áherslu á að þær verði tryggðar í lögnum sjálfum.

VIII. 32. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. kemur fram að umhverfisráðherra skuli kveða á um gerð kortagrunns í reglugerð. Þá er kveðið á um að gerð kortagrunnsins verði í höndum Landmælinga Íslands. Undirritaðir leggja á það áherslu að Landmælingum Íslands verði gert að hafa samráð við aðila sem hafa nú þegar undir höndum kortagrunna af þessu tagi. Þá er lykiláhersla lögð á að leitað verði samráðs við hagsmunaaðila, þ.m.t. við eigendur lands sem vegir liggja um, áður en ráðherra staðfestir kortagrunninn, sbr. 3. másl. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsdraganna. Ekki þarf að fjölyrða um að bændur og landeigendur hafa ríka hagsmuni af því hvar vegir eru merktir inn á kort af jörðum þeirra.

Einnig er bent á að verkefni það sem Landmælingum Íslands er lagt til að verði falið er mjög faglega flókið, vandasamt og afar kostnaðarsamt og hlýtur að þurfa að koma til verulega aukinna fjárveitinga til stofnunarinnar.

IX. 57. gr.

Með ofangreindum staflíð er lagt til að viðmið vegna skyldu til þess að afla framkvæmdaleyfis vegna „röskunar“ á þessum náttúruþyrirbærum verði lækkað úr 3 ha. í 1 ha. Undirritaðir aðilar leggja gegn þessari breytingartillögu. Þessi breyting hefði það í för með sér að nánast öll framræsla votlendis vegna ræktunar verður útilokuð vegna aukins kostnaðar. Þá er þetta til þess fallið að hefta og hindra eðlilega búskaparhætti, kemur í veg fyrir framþróun í landbúnaði og takmarkar enn frekar ráðstöfunar- og nýtingarrétt landeigenda yfir eignum sínum.

Benda má á að nýræktun lands er mjög lítil og á sér fyrst og fremst stað á landi sem þegar hefur verið afmarkað til ræktunar með framræslu af einhverri gerð. Þá hafa bændur verið hvattir til þess að draga úr beitarálagi á úthaga og afrétti, sem jafnframt leiðir til þess að afla þarf aukins fódurs af ræktarlandi. Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein sem skapar fjölpætta atvinnu og tryggir fæðuöryggi þjóðarinnar. Frjósamasta og besta ræktarlandið er einmitt á vel framræstu mýrlendi. Bent er á að framræsla sem þessi getur í sumum tilvikum verið til þess fallin að tryggja velferð dýra sem ganga á landinu, þ.e. komið í veg fyrir hættur sem þeim eru búnar á ofangreindum svæðum.

X. 63. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsdraganna á bann við innflutningi á framandi lífverum ekki við um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til yl- og garðræktar. Samkvæmt þessu á þessi undanþáguheimild ekki við plöntutegundir sem ætlaðar eru til túnræktar, grasræktar og grænfróðurræktar. Undirritaðir aðilar gera athugasemdir við þetta og benda á að framræktun fræs á nær öllum nytjajurtum í íslenskum landbúnaði á sér stað í öðrum löndum. Framræktun á fræi er hluti af hraðari kynbótaframförum á nytjaplöntum sem þarf til að aðlaga yrki til notkunar hér á landi. Innflutningur á fræi nytjajurta er því undirstöðuatriði í íslenskum landbúnaði og með tillögum þessum er lagt til að komið verði á enn þunglamalegri og meira íþyngjandi stjórnsýslu gagnvart bændum. Undirritaðir aðilar fá ekki séð að haldbær rök standi til þessarar breytinga. Af þessu leiðir að verði undanþágan ekki látin gilda um plöntutegundir sem ætlaðar eru til túnræktar setur það þá ræktun í uppnám hérlendis.

Undirritaðir aðilar vilja áréttta með hliðsjón af ofangreindu að bændur eru vörslumenn landsins og hafa ætíð og munu áfram leggja áherslu á ábyrga og sjálfbæra nýtingu þess. Á það er jafnframt bent að í samþykktri stefnumörkun stjórnvalda, sóknaráætlun 2020, er sett fram það markmið að auka hlut innlendra matvæla í neyslu landsmanna um 10% fram til ársins 2020. Til að hægt sé að vinna að því má ekki á sama tíma leggja á óþarfa kvaðir sem hamla því.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands

f.h. Landssamband sauðfjárbænda

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.

Sigurður Eyþórsson



Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2011.

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 með síðari breytingum.

Tilv: 2010060003

Ágæti viðtakandi.

Þegar lög nr. 44/1999 um náttúruvernd voru samin áttu Bændasamtök Íslands fulltrúa í nefnd sem hafði það verkefni með höndum enda voru til umfjöllunar fjölmörg atriði sem snertu bændur og landeigendur með margvíslegum hætti. Það er ljóst að í lögnum er kveðið á um fjölmörg atriði sem snerta hagsmuni bænda og landeigenda umtalsvert. Hvorki Bændasamtökum Íslands né Landssamtökum sauðfjárbænda var gefið færi á að eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem hefur löggin til endurskoðunar nú, þrátt fyrir að fyrir liggi að þau atriði sem einkum eru til umfjöllunar í frumvarpsdrögnum snerti hagsmuni félagsmanna þessara samtaka mikið. Undirritaðir aðilar benda á að það er ekki til þess fallið að skapa sátt um frumvarp til breytinga á lögnum að einhverjum stærstu hagsmunaaðilum um náttúruvernd, sé úthýst við endurskoðunina með þessum hætti.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda gera svofelldar athugasemdir við frumvarpsdrögin:

I. 2. mgr. 2. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsdraganna er kveðið á um að umhverfissráðherra skuli, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða í reglugerð á um undanþágur frá banni við utanvegaakstri, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. Meðal annars er lagt til að ráðherra verði heimilt að veita undanþágur vegna starfa manna við landbúnað. Bændasamtökin líta svo á og gera ráð fyrir að undir hugtakið landbúnaður falli hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt, ylrækt og auk þess, ef fram fer á lögbýlum, eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og önnur þjónusta. Undirritaðir aðilar vilja samt sem áður leggja áherslu á að tryggt verði í lögum að bændum og landeigendum verði heimilt að nota vélknúin ökutæki vegna nýtingar jarða sinna, við smalamennsku, girðingarvinnu, nýtingu hlunninda og aðra starfsemi sem fylgir eðlilegri landnýtingu. Það er ekki ásættanlegt að ákvörðun um undanþágur af þessu tagi verði háð geðþótta ráðherra og Umhverfisstofnunar hverju sinni.

Það er algjört grundvallaratriði í búskap að bændur og landeigendur geti nýtt t.d. dráttarvélar, þ.m.t. fjórhjól og önnur vélknúin ökutæki við landbúnaðarstörf enda auðvelda þessi tæki störf bænda mikið og oft á tíðum getur notkun þeirra reynst óhjákvæmileg. Verði notkun þeirra bönnuð kann það í sumum tilfellum að verða til þess að nýting landsins verði miklum erfiðleikum bundin.

Því er lagt til að kveðið verði á um undanþáguheimild vegna starfa manna við landbúnað í lögum um náttúruvernd á sama hátt og aðrar þær undanþágur sem taldar eru upp í

frumvarpsdrögum. Enn fremur er eðlilegt að auk þess verði kveðið á um undanþágu vegna landgræðslustarfa. Bændur vinna mikið starf við uppgræðslu á afréttum og í þjóðlendum, m.a. í samvinnu við Landgræðsluna. Því starfi fylgir óhjákvæmilega akstur utan vega sem undirritaðir aðilar telja eðlilegt að fái undanþágu. Eðlilegt er að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágum í reglugerð en það er ítrekað að undirritaðir aðilar leggja ríka áherslu á að þær verði tryggðar í lögum sjálfum.

II. 4. mgr. 2. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. kemur fram að umhverfisráðherra skuli kveða á um gerð kortagrunns í reglugerð. Þá er kveðið á um að gerð kortagrunnsins verði í höndum Landmælinga Íslands. Undirritaðir leggja á það áherslu að Landmælingum Íslands verði gert að hafa samráð við aðila sem hafa nú þegar undir höndum kortagrunna af þessu tagi. Þá er lykiláhersla lögð á að leitað verði samráðs við hagsmunaaðila, þ.m.t. við eigendur lands sem vegir liggja um, áður en ráðherra staðfestir kortagrunninn, sbr. 3. másl. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsdraganna. Ekki þarf að fjölýrða um að bændur og landeigendur hafa ríka hagsmuni af því hvar vegir eru merktir inn á kort af jörðum þeirra.

Einnig er bent á að verkefni það sem Landmælingum Íslands er lagt til að verði falið er mjög faglega flókið, vandasamt og afar kostnaðarsamt og hlýtur að þurfa að koma til verulega aukinna fjárveitinga stofnunarinnar.

Þá er einnig gerð athugasemd við að ráðherra sé falið það vald að ákveða með reglugerð hver lágmarksskilyrði eru fyrir því að skrá megi vegslóða í kortagrunn. Undirritaðir aðilar telja nauðsynlegt að kveða á um það í lögum hver lágmarksskilyrðin eru. Auk þessa telja undirritaðir aðilar óljóst að hve miklu leyti ofangreint getur átt við um jarðir í ábúð og notkun á t.d. slóðum á afréttum.

III. B-liður 1. mgr. 3. gr.

Með ofangreindum staflíð er lagt til að viðmið vegna skyldu til þess að afla framkvæmdaleyfis vegna „röskunar“ á þessum náttúrufyrirbærum verði lækkað úr 3 ha. í 1 ha. Undirritaðir aðilar leggjast gegn þessari breytingartillögu. Þessi breyting hefði það í för með sér að nánast öll framræsla votlendis vegna ræktunar verður útilokuð vegna aukins kostnaðar. Þá er þetta til þess fallið að hefta og hindra eðlilega búskaparhætti, kemur í veg fyrir framþróun í landbúnaði og takmarkar enn frekar ráðstöfunar- og nýtingarrétt landeigenda yfir eignum sínum.

Benda má á að nýræktun lands er mjög lítil og á sér fyrst og fremst stað á landi sem þegar hefur verið afmarkað til ræktunar með framræslu af einhverri gerð. Þá hafa bændur verið hvattir til þess að draga úr beitarálagi á úthaga og afrétti, sem jafnframt leiðir til þess að afla þarf aukins fódurs af ræktarlandi. Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein sem skapar fjölþætta atvinnu og tryggir fæðuöryggi þjóðarinnar. Frjósamasta og besta ræktarlandið er einmitt á vel framræstu mýrlendi. Bent er á að framræsla sem þessi getur í sumum tilvikum verið til þess fallin að tryggja velferð dýra sem ganga á landinu, þ.e. komið í veg fyrir hættur sem þeim eru búnaðar á ofangreindum svæðum.

IV. 1. mgr. 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsdraganna á bann við innflutningi á framandi lífverum ekki við um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til yl- og garðræktar. Samkvæmt þessu á þessi undanþáguheimild ekki við plöntutegundir sem ætlaðar eru til túnræktar, grasræktar og græn fóðurræktar. Undirritaðir aðilar gera athugasemdir við þetta og benda á að framræktun fræs á nær öllum nýttjajurtum í íslenskum landbúnaði á sér stað í öðrum

löndum. Framræktun á fræi er hluti af hraðari kynbótaframförum á nytjaplöntum sem þarf til að aðlaga yrki til notkunar hér á landi. Innflutningur á fræi nytjajurta er því undirstöðuatriði í íslenskum landbúnaði og með tillögum þessum er lagt til að komið verði á enn þunglamalegri og meira íþyngjandi stjórnsýslu gagnvart bændum. Undirritaðir aðilar fá ekki séð að haldbær rök standi til þessarar breytinga. Af þessu leiðir að verði undanþágan ekki látin gilda um plöntutegundir sem ætlaðar eru til túnræktar setur það þá ræktun í uppnám hérlendis.

V. 3. mgr. 4. gr.

Bændasamtökin leggjast gegn því að Náttúrufræðistofnun verði eini umsagnaraðilinn vegna umsókna um leyfi til innflutnings á framandi lífverum ef sú hugmynd nær fram að ganga að það reynist nauðsynlegt að afla slíks leyfis vegna innflutnings á t.d. fræjum. Það er óheppilegt að Náttúrufræðistofnun sé falið stjórnsýslulegt vald til þess að veita umsögn um framangreint. Fagþekkingu að því er varðar landbúnað er miklu heldur að finna hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Undirritaðir aðilar vilja áréttta með hliðsjón af ofangreindu og þegar það er virt að bændur eru vörslumenn landsins og hafa ætíð og munu áfram leggja áherslu á ábyrga og sjálfbæra nýtingu þess.

Virðingarfyllst,

F.h. Bændasamtaka Íslands,

F.h. Landssamtaka sauðfjárbænda,

Eiríkur Blöndal
framkvæmdastjóri

Sigurður Eypórsson
framkvæmdastjóri